

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	LKN 291 Vorönn 2012	
Útgáfa: 08			
Dags.: 30.08.2011			
Höfundur: HRS			
Samþykkt:SHJ			
Síða 1 af 2			

Kennarar	Anna Lilja Harðadóttir, Halla Sigurðardóttir, Hilmar Friðjónsson, Valgerður Dögg Jónsdóttir.	Sk.st.	ALH, HAS, HIF, VAL
-----------------	---	---------------	-----------------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga búa nemendur sig undir þátttöku í samféluginu með því að efla enn fremur félagslegafærni sína og siðferðiskennd. Lögð verður áhersla á að efla samskiptagreind og jákvæða lífssýnnemenda og gera þeim kleift að takast á við kröfur og öðranir daglegs lífs. Umsjónarkennari sér áfram um kennslu áfangans og er þannig í beinum tengslum við umsjónarhóp sinn.

Áfangamarkmið / viðfangsefni:

Í áfanganum er leitast við að styrkja nemandann sem einstakling og námsmann. Unnið er með það hvernig skólinn virkar og hvaða reglur gilda um skólavistina. Mætingar, umgengni, námsvenjur, námsval, próf og annað sem snýr að veru nemandans í VMA er til umræðu. Fjallað er um sjálfsmýnd og hvað hefur áhrif á hana: námsörðugleikar, útlit, neysluvenjur, áhugasvið, sterkir þættir og veikir í hæfileikum nemandans. Markvisst er fjallað um námið og lífið almennt á þann hátt að það sé á ábyrgð hvers og eins hvað við gerum. Að taka ábyrgð á náminu, hegðuninni, mætingum, neyslumynstri, fjármálum, akstri, almennri samfélagsþátttöku og öðru sem við gerum.

Námsgögn:

Ekki er notast við kennslubók í áfanganum

Ýmis verkefni og gögn frá kennurum og fyrirlesurum um efnispætti sem farið er yfir.

Áætlun um yfirferð:

Öll önnin	Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á. Spurningum svarað um skólastarfið almennt og leitast við að efla nemendur við námsvinnuna.	
Byrjun annar	Nemendur meta eigin stöðu út frá fyrrí önn og skoða framhaldið í ljósi hennar.	Sjálfsmatsverkefni sem snýr að stöðu nemandans eftir fyrstu önnina.
Dreift um önnina	Ýmsar heimsóknir þar sem gestir fjalla um ýmis málefni sem gera má ráð fyrir að kennarar geti ekki sinnt. Kynhneigð, ábyrgð við akstur, sjálfsmýnd, skyldur samfélagsþegnsins, að vera launþegi og fleira.	Verkefni um ökuréttindi, starf og þjónustu, kosningar / samfélag, fordóma. Nokkur verkefni unnin í hópavinnu.
Eftir miðja	Námsval. Nemendur vinna í að velja sér	Valblað og fleiri verkefni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri		
Útgáfa: 08			
Dags.: 30.08.2011	LKN 291		
Höfundur: HRS	Vorönn 2012		
Samþykkt:SHJ			
Síða 2 af 2			

Önn	áfanga fyrir næstu önn undir leiðsögn kennara.	um náms- og starfsval.
Síðasta vika annar	Undirbúningur fyrir próf	Verkefni um prófa-undirbúning og próftöku.

Námsmat og vægi námsþátta:

Mætingar / Ástundun	Fjórðungur námsmats miðast við mætingar metnar útfrá eftirfarandi kvarða (mætingar % = einkunn):			25%
	97-100% = 10	94-96,9% = 9	91-93,9% = 8	
	88-90,9% = 7	84-87,9% = 6	80-83,9% = 5	
	75-79,9% = 4	70-74,9% = 3	65-69,9% = 2	
	<65% = 0			
Tekið er tillit til tilkynntra fjarvista við mat á mætingu og ástundun.				
Dagbók	Nemendur halda ítarlega dagbók um hvern tíma annarinnar, þar sem lýst er innihaldi tímans og upplifun nemanda.			40%
Námsmappa	Nemendur halda sjálfir námsmöppu sem skal innihalda öll verkefni og dreifildi annarinnar auk kennsluáætlunar, mats á áfanganum og dagbókar.			35%

Dagsetning: 06.01.2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils